

Starfsgreinasamband Íslands

Ársreikningur

2017

Starfsgreinasamband Íslands

Ársreikningur

2017

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Áritun kjörinna skoðunarmanna	3,
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-11

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Starfsgreinasambands Íslands.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Starfsgreinasambands Íslands fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Starfsgreinasambandi Íslands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Starfsgreinasambands Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitung við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar. Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Deloitte ehf.

Hilmar A. Alfredsson
endurskoðandi

Áritun kjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir þingkjörnir skoðunarmenn Starfsgreinasambands Íslands, höfum farið yfir meðfylgjandi ársreikning fyrir árið 2017 og sjáum ekki ástæðu til athugasemda.

Reykjavík / 2018

Áritun stjórnar

Ársreikningur Starfsgreinasambands Íslands fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Starfsgreinasamband Íslands er samband 19 verkalýðsfélaga og aðili að Alþýðusambandi Íslands. Sambandið er stærsta aðildarfélag ASÍ og starfar í samræmi við lög þess.

Á árinu 2017 námu tekjur Starfsgreinasambands Íslands umfram gjöld kr. 13.629.287 og nam bókfært eigið fé í árslok kr. 54.785.869.

Stjórn Starfsgreinasambands Íslands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. maí 2018

Í stjórn

Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur			
Heildarskatttekjur		225.566.756	184.668.727
Hlutdeild ASÍ		(159.778.395)	(128.353.387)
Skatttekjur samtals	3	65.788.361	56.315.340
Aðrar tekjur	4	1.244.000	1.536.000
		<u>67.032.361</u>	<u>57.851.340</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	(23.927.176)	(24.133.375)
Almennur kostnaður	6	(30.504.260)	(30.487.432)
Afskriftir fastafjármuna	8	0	(84.261)
		<u>(54.431.436)</u>	<u>(54.705.068)</u>
Rekstrarhagnaður			
		12.600.925	3.146.272
Fjármunatekjur	7	1.101.150	1.092.869
Fjármagnsgjöld	7	(72.788)	(89.835)
		<u>1.028.362</u>	<u>1.003.034</u>
Tekjur umfram gjöld á rekstrarárinu			
		<u>13.629.287</u>	<u>4.149.306</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	74.898	74.898
Fjárfestingaverðbréf	9	12.125.986	12.125.986
		<u>12.200.884</u>	<u>12.200.884</u>
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur	10	1.595.634	5.665.334
Handbært fé	10	45.938.355	29.201.862
		<u>47.533.989</u>	<u>34.867.196</u>
Eignir		<u>59.734.873</u>	<u>47.068.080</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11	<u>54.785.869</u>	<u>41.156.582</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir	12	<u>4.949.004</u>	<u>5.911.498</u>
Eigið fé og skuldir		<u>59.734.873</u>	<u>47.068.080</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Innborganir:			
Innborganir frá sambandsfélögum		64.547.053	57.566.576
Innborgaðar aðrar tekjur		1.244.000	1.536.000
Innborgaðar fyrirframinnheimtar tekjur		(1.129.806)	1.472.733
Innborgaðir vextir		1.101.150	1.092.869
		<u>65.762.397</u>	<u>61.668.178</u>
Útborganir:			
Greiddur ýmis kostnaður		(48.953.116)	(57.848.405)
Greiddir vextir		(72.788)	(89.835)
		<u>(49.025.904)</u>	<u>(57.938.240)</u>
Rekstrarhreyfingar		<u>16.736.493</u>	<u>3.729.938</u>
Hækkun handbærs fjár		16.736.493	3.729.938
Handbært fé í upphafi árs		29.201.862	25.471.924
Handbært fé í lok árs		<u>45.938.355</u>	<u>29.201.862</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Starfsemi Starfsgreinasambandsins felst í því meginhlutverki þess að sameina verkalýðsfélög í baráttunni fyrir bættem kjörum og standa vörð um áunnin réttindi og vera leiðandi afl innan verkalýðshreyfingarinnar og vettvangur umræðu um þróun samfélagsins í þágu launafólks.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Starfsgreinasambands Íslands fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning skatttekna

Skattur til Starfsgreinasambands Íslands er reiknaður sem hlutfall af félagsgjöldum sambandsfélaganna. Innheimta skatts Starfsgreinasambandsins af félagsgjöldum sambandsfélaganna er byggð á ársreikningum þeirra, en á áætlun þegar ársreikningar félagaanna fyrir árið 2016 liggja ekki fyrir og er skattstofninn þá áætlaður með hliðsjón af síðasta framlögðum ársreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

3. Skatttekjur

Skatttekjur Starfsgreinasambands Íslands greinast á eftirfarandi hátt:

	2017	2016
Skattstofn Starfsgreinasambands Íslands	1.457.323.290	1.251.451.939
Skatthlutfall SGS af félagsgjöldum	4,50%	4,50%
	65.579.548	56.315.339
Greiðsla vegna leiðréttingar frá árinu 2016	208.813	0
	65.788.361	56.315.339

Skýringar

4. Aðrar tekjur

	2017	2016
Tekjur vegna hagræðingardeildar	1.244.000	1.506.000
Aðrar tekjur	0	30.000
	<u>1.244.000</u>	<u>1.536.000</u>

5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2017	2016
Laun	19.833.655	19.495.965
Tryggingargjald	1.583.695	1.720.019
Lífeyrissjóður	2.201.467	1.966.165
Sjúkra- og orlofsheimilaskjóður	327.258	321.675
Reiknað áfallið orlof, breyting	(18.899)	629.551
	<u>23.927.176</u>	<u>24.133.375</u>
Stöðugildi að meðaltali	2,2	2,2

Heildarlaun og þóknarir til stjórnenda félagsins á árinu 2017 námu 13,4 milljónum króna (2016: 13,2 m.kr.)

6. Almennur kostnaður

	2017	2016
Húsaleiga	5.873.518	6.633.836
Samstarfssamningur SGS og ASÍ	6.892.068	6.726.324
Erlend aðildarfélög	3.915.809	3.387.928
Ferðakostnaður erlendis	480.374	1.396.558
Dagpeningar erlendis	321.028	663.321
Kostnaður vegna funda og þinga	8.030.790	5.463.624
Dagpeningar innanlands	196.000	156.050
Ökutækjastyrkir	1.056.000	1.109.471
Þátttaka annarra í kostnaði vegna ökutækjastyrkja	(168.520)	(66.000)
Sími og burðargjöld	452.159	442.415
Pappír, prentun og ritföng	188.638	885.921
Skrifstofuáhöld og innréttingar	240.865	0
Tölvuþjónusta og rekstur tölvu	248.875	55.920
Kostnaður við gerð heimasíðu	537.598	469.598
Tímarit, bækur og áskrift	10.200	117.958
Gjafir og styrkir	109.696	189.906
Auglýsingar	277.770	388.639
Endurskoðun og reikningsskil	585.578	487.222
Önnur sérfræðiþjónusta og aðkeypt þjónusta	1.537.361	4.711.895
Iðgjöld og tryggingar starfsmanna	85.377	78.720
Námskeið og ráðstefnur	2.023.502	78.000
Fæðis- og kaffikostnaður	431.345	550.827
Annar kostnaður	0	21.951
Endurgreiddur kostnaður	<u>(2.861.771)</u>	<u>(3.462.652)</u>
	<u>30.504.260</u>	<u>30.487.432</u>

Skýringar

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2017	2016
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	1.376.574	1.366.084
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(275.424)	(273.215)
	<u>1.101.150</u>	<u>1.092.869</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir	(26.564)	(23.370)
Þjónustugjöld	(46.224)	(66.465)
	<u>(72.788)</u>	<u>(89.835)</u>
	<u>1.028.362</u>	<u>1.003.034</u>

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Áhöld, tæki og innréttingar
Kostnaðarverð	
Staða í ársbyrjun	748.985
Eignfært á árinu	<u>0</u>
Staða í árslok	<u>748.985</u>
Afskriftir	
Staða í ársbyrjun	674.087
Afskrift ársins	<u>0</u>
Staða í árslok	<u>674.087</u>
Bókfært verð	
Bókfært verð í ársbyrjun	<u>74.898</u>
Bókfært verð í árslok	<u>74.898</u>
Afskriftarhlutföll	30%

9. Fjárfestingaverðbréf

	2017	2016
Eignarhlutur í Eignarhaldsfélaginu Sætúni 1 ehf.	<u>12.125.986</u>	<u>12.125.986</u>
	<u>12.125.986</u>	<u>12.125.986</u>

Eignarhlutur Starfsgreinasambandsins í Eignarhaldsfélaginu Sætúni 1 ehf. nam 11,2 % í árslok og er færður á kostnaðarverði.

Skýringar

10. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2017	31.12.2016
Fyrirframgreiddur kostnaður	28.328	3.584.391
Inneignir hjá sambandsfélögum	1.241.308	0
Samstarfssjóður SGS	325.998	2.080.943
	<u>1.595.634</u>	<u>5.665.334</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2017	31.12.2016
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	45.938.355	29.201.862
	<u>45.938.355</u>	<u>29.201.862</u>

11. Eigið fé

	Eigið fé
Eigið fé 1.1.2017	41.156.582
Tekjur umfram gjöld ársins	13.629.287
Eigið fé 31.12.2017	<u>54.785.869</u>

12. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2017	31.12.2016
Skuld við ASÍ	68.516	511.898
Virðisaukaskattur	54.960	205.920
Ógreidd laun og launatengd gjöld	3.097.132	3.065.251
Fyrirfram innheimtir styrkir	342.927	1.472.733
Ógreiddur kostnaður	1.385.469	655.696
	<u>4.949.004</u>	<u>5.911.498</u>

13. Húsaleigusamningur

Starfsgreinasambandið leigir húsnaði fyrir starfsemi sína samkvæmt leigusamningi við Eignarhaldsfélagið Sætún 1 ehf. Leigutími er til ársloka 2022. Gjaldfærðar leigugreiðslur í ársreikningi 2017 námu samtals 6,8 millj.kr. (2016: 6,6 millj.kr.). Til lækkunar koma leigutekjur frá fræðslusjóðnum Landsmennt, en Starfsgreinasamband Íslands leigir sjóðnum sem samsvarar einni og hálfri skrifstofu.

Sundurliðanir

	2017	2016
Rekstrartekjur		
Skatttekjur	225.566.756	184.668.727
Hlutdeild ASÍ í skatttekjum	(159.778.395)	(128.353.387)
	<u>65.788.361</u>	<u>56.315.340</u>
Aðrar tekjur		
Tekjur vegna hagræðingardeildar	1.244.000	1.506.000
Aðrar tekjur	0	30.000
	<u>1.244.000</u>	<u>1.536.000</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður		
Vinnulaun	19.833.655	19.495.965
Tryggingagjald	1.583.695	1.720.019
Lífeyrissjóður	2.201.467	1.966.165
Sjúkra- og orlofsheimilaskjóður	327.258	321.675
Áunnið orlof, breyting	(18.899)	629.551
	<u>23.927.176</u>	<u>24.133.375</u>
Almennur kostnaður		
Húsaleiga	5.873.518	6.633.836
Samstarfssamningur SGS og ASÍ	6.892.068	6.726.324
Erlend aðildarfélag	3.915.809	3.387.928
Ferðakostnaður erlendis	480.374	1.396.558
Kostnaður vegna funda og þinga	8.030.790	5.463.624
Sími og burðargjöld	452.159	442.415
Pappír, prentun og ritföng	188.638	885.921
Skrifstofuáhöld og innréttingar	240.865	0
Tölvuþjónusta og rekstur tölvu	248.875	55.920
Kostnaður við gerð heimasíðu	537.598	469.598
Tímarit, bækur og áskrift	10.200	117.958
Akstur og bifreiðastyrkur	1.056.000	1.109.471
Gjafir og styrkir	109.696	189.906
Auglýsingar	277.770	388.639
Endurskoðun og reikningsskil	585.578	487.222
Önnur sérfræðiþjónusta og aðkeypt þjónusta	1.537.361	4.711.895
Iðgjöld og tryggingar starfsmanna	85.377	78.720
Námskeið og ráðstefnur	2.023.502	78.000
Fæðis- og kaffikostnaður	431.345	550.827
Annar kostnaður	0	21.951
Dagpeningar erlendis	321.028	663.321
Dagpeningar innanlands	196.000	156.050
Endurgreiddur kostnaður	(2.861.771)	(3.462.652)
Þáttaka annarra í ökutækjastyrkjum	(168.520)	(66.000)
Afskrifaðar tapaðar kröfur	40.000	0
	<u>30.504.260</u>	<u>30.487.432</u>